

A large flock of seabirds, likely gulls or terns, is captured in flight over a vast, blue ocean. The birds are scattered across the frame, with some in the foreground showing detailed wing patterns and red-tipped tails. In the background, several dark, rocky sea stacks rise from the water under a bright, slightly cloudy sky. The overall scene conveys a sense of a busy, natural seabird colony.

Landssamband smábátaeigenda
2008 - 2009

25. aðalfundur LS 15. og 16. október 2009

Skýrsla framkvæmdastjóra
Setningarræða formanns
Ályktanir fundarins



Efnisyfirlit

Skýrsla Arnar Pálssonar framkvæmdastjóra Landssambands smábátæigenda	6
Arthur Bogason - Ræða á 25. aðalfundi Landssambands smábátæigenda október 2009	16
Samþykktir 25. aðalfundar Landssambands smábátæigenda október 2009	20
Stjórn Landssambands smábátæigenda 2009 - 2010	27

Landssamband smábátæigenda
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík
Sími: 552 7922
Fax: 562 6590
Netfang: ls@smabatar.is
www.smabatar.is





25. aðalfundur

Landssambands smábátaeigenda

15. og 16. október 2009

Örn Pálsson

Skýrsla framkvæmdastjóra

Hæstvirtur ráðherra,
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Þau nýmæli voru tekin upp við stjórn fiskveiða á sl. sumri að heimila veiðar með handfærum án þess að hafa kvóta. Strandveiðar voru hins vegar með annars konar takmarkanir:

- Hámarksfjöldi handfærarúlla 4
- Dagsróður mátti ekki vera lengri en 14 klukkustundir
- Afli í hverjum róðri að hámarki 800 kg af óslægðum þorski
- Óheimilt að róa á föstudögum og laugardögum
- Miðunum skipt upp í 4 veiðisvæði
- Heildarafli á hverju veiðisvæði takmarkaður
- Auk þessa er veður gríðarlega takmarkandi þáttur á veiðarnar.

Strandveiðar hófust sunnudaginn 28. júní, eftir að Jón Bjarnason hafði undirritað reglugerð um þær þrem dögum fyrr.

Alls var úthlutað 595 strandveiðileyfum, 554 bátar stunduðu veiðarnar. Umhverfið sem þeir spretta úr er tvíþætt, þriðjungur kemur nýr á veiðar, þ.e. hafði ekki veiðileyfi í atvinnuskyni, hinn hlutinn hefur veiðileyfi í atvinnuskyni og kemur úr króka- eða aflamarki.

Hvaðan komu strandveiðibátar?

smábátar með aflamark	60 bátar
bátar með aflamark	9 bátar
krókaafلامarksbátar	284 bátar
án veiðileyfis í atvinnuskyni	201 bátur

Samtals 554 bátar

Almennt mæltust strandveiðar vel fyrir. Þær gáfu aukna vinnu til lands og sjávar. Þjónustufyrirtæki höfðu skyndilega nóg að gera. Menn vantaði á handfæri frá Skagatrönd. Siglingastofnun og skoðunarstofur voru að drukkna í útgáfu atvinnuskírteina og skoðunum bátanna. Fiskistofa gaf út leyfin og hélt utan um veiðarnar. Alls greiddu strandveiðimenn 10 milljónir í ríkissjóð fyrir leyfin.

Frá landsbyggðinni bárust þær fréttir að líf hefði aftur færst yfir hafnirnar: „Það var eftir ýmsu að slægjast að fá sér göngutúr eða koma þar við“, eins og Sauðkrækingurinn orðaði það.

Síðast en ekki síst varð vart við jákvæðara viðhorf almennings til sjávarútvegsins. Það var hægt að komast á sjó og hafa smá tekjur af án þess að það kostaði tugi milljóna í kvótakaup.

Forsenda þess að framhald verði á strandveiðum er að Alþingi samþykki lög þar um. Sjávarútvegsráðherra hefur gefið það út að hann muni beita sér fyrir áframhaldi þeirra á næsta ári.


Heildarafli strandveiðibáta varð 4.107 tonn, þar af 3.450 tonn þorskur. Nánast allur afli strandveiðibáta var seldur á fiskmörkuðum. Heildaraflaverðmæti varð 875 milljónir og útflutningsverðmæti 1,8 milljarðar. Meðalverð á þorski 233 kr/kg.

Aflahæstur strandveiðibáta varð Sædís ÞH 305 frá Húsavík með 28 tonn, þar af 26,7 tonn af þorski. Tveir voru í áhöfn Sædísar, skipstjóri var Árni Guðmundsson.

Skipting veiðileyfa



Þorskaflí á hverju svæði



Strandveiðar

	Afli í róðri	Afli per bát
Svæði A	610 kg	7,95 tonn
Svæði B	428 kg	6,28 tonn
Svæði C	477 kg	8,30 tonn
Svæði D	248 kg	2,51 tonn
Samtals	464 kg	6,23 tonn

Fyrir aðalfundinum liggur víðtækur stuðningur svæðisfélaga LS við strandveiðum.

Grásleppuveiðar


Á vertíðinni stunduðu 279 bátar grásleppuveiðar, sem var 50 leyfum fleira en í fyrra.

Grásleppuleyfi 2008 og 2009



Heildarafrakstur veiðanna varð 11.518 tonn af söltuðum grásleppuhrognum og 3 gámar af frosinni grásleppu. Veiðin á vertíðinni var um fimmtungi meiri en 10 ára meðaltal. Afkoma flestra var góð, að frátöldum þeim sem urðu fyrir miklu veiðarfæratjóni í stórbrimi fyrir Norðurlandi.

Grásleppuveiðin sl. 10 ár



Heildaraflaverðmæti varð 1,5 milljarðar.


Á fyrstu sjö mánuðum ársins var verðmæti útfluttra grásleppuafurða komið í 1,1 milljarð sem er tvöföldun frá sama tímabili síðastliðins árs.

Meðalverð til sjómanna á vertíðinni var um 127 þús. krónur fyrir tonnuna.

Í upphafi voru tilboð lág í hrognin, eða um 600 evrur -- 85 þús. Verðið steig hægt og sígandi til loka vertíðar og voru síðustu tonnurnar að seljast á 240 þús. sem jafngildir 1.330 evrum. Er hér um algjört met að ræða og vonandi að grásleppuhrogn séu nú loksins farin að njóta sannmælis. Það er einnig athyglisvert að grásleppuhrogn og kavíar er eina sjávarafurðin sem hækkað hefur í evrum talið milli ára - hækkunin er á milli 12 og 13%.

Orsakir þessara verðhækkana eru margar. Sú helsta er að veiðimönnum hefur tekist að hafa hemil á því magni sem veitt er. Veiðimagn var nú annað árið í röð minna en það sem framleiðendur kavíars óskuðu eftir að kaupa.

Heildarveiði í heiminum endaði nú í 23 þús. tunnum sem er um fimmtungi minna en áætlanir gerðu ráð fyrir.



Grásleppukarlar á Íslandi skiluðu mestu, Grænlandingar voru næstir með 7 þús. tunnur, Norðmenn með 2.800 tunnur og Nýfundnalendingar með aðeins þúsund tunnur.

Allar þjóðirnar eru með takmarkanir á veiðunum. Hér eru veiðidagar 50, en var fjölgað um 12 á vertíðinni. Grænlandingar binda veiðileyfi við atvinnumenn, Norðmenn stjórna með hámarksafla á bát og Nýfundnalendingar leyfa veiðar aðeins í 14 daga á hvern bát.

Grásleppuveiðar 2009

	Fjöldi leyfa	Afli	Afli per bát
Svæði A	30	487 tonnur	16,2 tonnur
Svæði B	61	2.043 tonnur	33,5 tonnur
Svæði C	17	556 tonnur	32,7 tonnur
Svæði D	31	1.988 tonnur	64,1 tonnur
Svæði E	95	4.607 tonnur	48,5 tonnur
Svæði F	39	1.752 tonnur	44,9 tonnur
Svæði G	6	85 tonnur	14,2 tonnur
Samtals	279	11.518 tonnur	41,3 tonnur


Grásleppan í land er heiti samstarfsverkefnis LS og Tritons ehf. Verkefnið miðar að því að búa til verðmæti úr grásleppu sem hrognin hafa verið tekin úr. Á síðustu vertíð náðist að selja 3 gáma af frosinni grásleppu til Kína. Fjarstuðningur fékkst til verkefnisins frá AVS og sjávarútvegsráðuneytinu og er þeim hér með þakkað fyrir. Allt útlit er fyrir að framhald verði á sölu til Kína á næsta ári með góðri magnaukningu.

Fiskverð - þorskur, ýsa

Það hefur verið viðtekin skoðun í þjóðfélaginu að fall krónunnar hafi komið útflutningsgreininum til góða. Þegar saman eru tekin áhrifin af sterkri krónu eins og var og veikri sem nú er, er þessu ekki saman að jafna. Smábátaútgerðin stóð mun sterkari fótum með sterka krónu en veika. Fiskverð á mörkuðum hefur engan vegin þróast í takt við gengisfall krónunnar. Það er t.d. sárgætilegt að bera saman verð á óslægðum þorski á fyrsta þriðjungi yfirstandandi árs og í fyrra. Þrátt fyrir tuga prósentu veikingu krónunnar gagnvart evrum og pundum svo dæmi sé tekið, dugar það ekki til, allir mánuðirnir skiluðu lægra verði í krónum talið fyrir þorsk en 2008. Upphæðir sem hér um ræðir eru gríðarlegar, í stað tugaprósenta hækkunar var niðurstaðan 17% lægra verð en í fyrra.

Velti því fyrir mér hvaða hlekkur hafi brostið, þar sem framboð var svipað milli ára. Voru söluaðilar ekki að standa sig? Bent er á að fiskverð hafi lækkað erlendis, það dugar þó lítt til útskýringa á þeirri staðreynd að meðalverð á fyrsta þriðjungi ársins 2008 var jafngildi 2,37 evra, en í ár skilaði þorskurinn aðeins 1,25 evru,

þ.e. 47% verðlækkun. Svipaða sögu er að segja þegar breskt pund er skoðað 1,82 árið 2008 en nú 1,13 pund sem er 38% lægra verð. Ég álit að einhverjir í sölugeiranum verði að hysja upp um sig buxurnar og biðjast afsökunar á að hafa ekki staðið sig nægjanlega vel. Nei góðir hálsar, - afsökunarbeiðni dugar ekki til, verðfallið er með þvítíkum ólíkindum að það kallar á opinbera rannsókn.



Það eru ekki allir svo lánsamir að fá að selja hann.



Til að renna enn betri stoðum undir það sem hér hefur verið sagt, dreg ég upp mynd af útflutningsverðmæti ferskra þorskflaka. Fyrsti þriðjungur ársins og 2008 er valinn eins og áðan. Verð nú er 10% hærra en það var á sama tímabili í fyrra.

Ég minni á:

að á fyrsta þriðjungi ársins varð verðhrun á þorski. Á fiskmörkuðum var meðalverðið 213 krónur á móti 258 í fyrra. Það vantaði heil 21% til að ná sama verði, þrátt fyrir 47% hrun krónunnar gagnvart evru og 38% gagnvart pundi.

Það þarf að koma böndum á fleiri en útrásarbraskara, útflytjendur verða að bera virðingu fyrir kónginum í Norður Atlantshafi - Þótt verð sé frjálst, þurfa aðilar að kunna með frjálsræðið að fara og bera virðingu fyrir hinum eina sanna.

Lánamál

Frá því eftir hrun hefur drjúgur tími hjá mér farið í að aðstoða og viða að mér upplýsingum fyrir félagsmenn um það sem viðkemur lánamálum. Ríkisstjórn sem kennd verður við hrunið mikla tók strax til við að vinna að málefnum smábátæigenda. Þáverandi sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, bar LS þau skilaboð frá ríkisstjórn að trillukörnum byðist frysting á lánum til allt að tveggja ára. Það gekk snurðulaust fyrir sig hjá yfirteknu bönkunum - þ.e. Glitni, Landsbankanum og Kaupþingi. Í fyrstu renndu sparisjóðirnir sér ekki eftir þessari braut, dróu lappirnar og gerðu kröfu um að öllum jena og franka lánum yrði breytt í evrur og vaxtaálag hækkað. Einnig fóru þeir fram á að lántakendur samþykktu hærra vaxtaálag við frystingu lána.

Að sjálfsögðu er það bagalegt að ekki voru allir látnir sitja við sama borð. Það var þó úr vöndu að ráða þar sem sparisjóðirnir voru ekki undir yfirráðum ríkisins. Á fyrstu mánuðum þessa árs liðkaðist um og fengu þá flestir sambærilega fyrirgreiðslu hjá bönkum og sparisjóðum.

Mjög misjafnt var hversu langa frystingu trillukarlar kusu. Þrír mánuðir, hálf ár, ár eða tvö ár.

Eftir ríkisstjórnarskipti 1. febrúar sl. var nýjum ráðherra Steingrími J. Sigfússyni kynnt hvernig staðan væri hjá smábátæigendum. Í kjölfarið voru sams konar tilmæli um frystingu lána staðfest. Framlenging þriggja mánaða frystingar gekk vel fyrir sig. Við sex mánaða mörkin fór hins vegar að draga til tíðinda. Þrátt fyrir ítrekanir nýs ráðherra, Jóns Bjarnasonar, fóru að koma hindranir á þá leið sem átti að vera greiðfær. Krafist var samhliða frystingu, breytingu á skilmálum og þrýst

á samþykki lántakanda um að færa erlend lán yfir í íslenskar krónur. Enn er mér ókunnugt um að nokkur smábátaeigandi hafi samþykkt slíkt þrátt fyrir að í boði væri umtalsverð niðurfærsla láns. Flestir báru fyrir sig að tveggja stafa vaxtaþrósentu gengi aldrei upp og að almennar leiðréttingar þyrftu að eiga sér stað áður en farið yrði í svo miklar breytingar á forsendum.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt að smábátaeigendur og almenningur hafi skipt úr íslenskum krónum yfir í jen, franka, evrur eða aðrar erlendar myntir. Vafalaust hefur ráðgjöf bankanna ekki staðið traustum fótum, nánast eingöngu horft til vaxtamunarins. LS hefur að þessu tilefni fengið Ásbjörn Þorleifsson, umsjónarmann lánaverkefnisins, til að skoða þróun gjaldmiðla miðað við verðvísitölu botnfiskaflans 1999 - 2008. Samkvæmt henni hefur verið mjög áhættusamt að lána í jennum til sjávarútvegsins, en aðrar myntir fylgja nokkurn veginn vísitölunni fram yfir hrún.



Yfirlitið sýnir 86% fylgni verðvísitölu botnfiskaflans við gengi evrunnar, 82% við franka en ekki nema 39% fylgni þegar komið er að jennum. Líklegt er að fáir hafi fengið þessa ráðgjöf þegar ákvörðun um lán voru tekin.

Í byrjun apríl var tekin ákvörðun um að reyna að kortleggja skuldir trillukarla. Af því tilefni var þeim öllum sent bréf ásamt eyðublaði til að fylla út. Þeir skyldu síðan senda það á rafrænu formi til umsjónarmanns verkefnisins. Ætlunin var, og er, að vitneskjan mundi gefa LS aukinn styrk til að semja við lánastofnanir heildrænt fyrir smábátaeigendur. Upplýsingar úr verkefninu myndu veita innsýn í vandann og mikilvægi smábátaeigenda við gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið mundi þrýsta á viðeigandi. Því miður hefur þátttaka í verkefninu ekki verið sem skyldi og skora ég hér með á ykkur sem ekki hafa skilað að gera það sem fyrst.

En hver er krafa LS? Hún er afar skýr. Lán sem eru í erlendri mynt verði leiðrétt. Höfuðstóll miðist við 1. mars 2008. Mismunur á vaxtagreiðslum sem greiddar hafa verið í frystingu og leiðréttum höfuðstól verði notaðar til að greiða niður höfuðstól. Vaxtaálag verði óbreytt.

Eftir að hafa ráðfært mig við sérfræðinga tel ég að allir þeir sem ekki voru í vandræðum með afborganir 1. mars 2008 ættu að geta staðið í skilum með því að þessi leiðrétting verði.

Lán þeirra sem eru með lán í íslenskum krónum verði leiðrétt með sama hætti.

Ég er sannfærður um að landssambandið getur náð árangri við að fá þessar kröfur samþykktar. Það sem getur þó gert gæfumuninn í þeirri baráttu er að félagsmenn standi saman allir sem einn. Styrkleiki okkar sameinaðir er gríðarlegur og vafalítið væru skilanefndir og bankastjórar nýju bankanna fegnir að vinna að laun þessa mikla vanda og tryggja þannig áframhaldandi sterka smábátaútgerð á Íslandi.

Lífeyrissjóðsmál

Í aðdraganda 24. aðalfundar LS gerði ég Gildi lífeyrissjóð að umtalsefni. Þar vakti ég athygli á ýmsum þáttum í fjárfestingu Gildis á hlutabréfamarkaðinum. Ég hélt því fram að virði hlutabréfaeigna sjóðsins hefði lækkað um 15 milljarða á fyrstu 7 mánuðum ársins 2008. Af þessu tilefni ritaði ég stjórn sjóðsins bréf þar sem spurt var um málefnið. Í stuttu máli var svarið á þá leið að LS kæmi það ekki við, ekki væri siður að ræða einstaka fjárfestingar sjóðsins.

Því miður kom það fram sem ég hafði óttast, uppgjör sjóðsins fyrir árið 2008 bar með sér að sjóðurinn hafði orðið fyrir miklum áföllum. Samþykkt var á ársfundi sjóðsins í apríl sl. tillaga stjórnar um 10% skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Það er mitt mat að enn meiri skerðing sé í kortunum, þar sem í ársreikningi 2008 voru ekki færð niður fyrirtæki sem sjóðurinn átti í og komin voru í vandræði og nú eru rústir einar. Hætt er við að milljarða eignir glattist við uppgjör þessara fyrirtækja.

Ársfundurinn gaf mér tilefni til að fylgja eftir áðursögðum vangaveltum um sjóðinn og óskaði ég svara við nokkrum spurningum sem komu fram í máli

mínu á ársfundinum. Í möppunum ykkar - í gögnum allsherjarnefndar er afrit af þessum spurningum og svörum sjóðsins. Engum blöðum er um það að fletta að svörin gefa tilefni til áframhaldandi athugasemda um Gildi lífeyrissjóð. T.d. verður óskað úrskurðar Fjármálaeftirlitsins við túlkun stjórnar sjóðsins um að ekki hafi verið fjárfest í vogunarsjóðum sem að mínu mati rúmast ekki innan reglna sjóðsins.

Morgunblaðið fjallaði um málefnið, en þar kom fram eftirfarandi.

„Á aðalfundi Gildis lífeyrissjóðs kom fram fjöldi athugasemda á stjórn sjóðsins, meðal annars frá Erni Pálssyni, framkvæmdastjóra Landssambands smábátæigenda, en félagsmenn sambandsins eru margir sjóðsfélagar í Gildi.

„Lífeyrissjóðurinn á, samkvæmt ársreikningi, eignir í vogunarsjóðum upp á 11,9 milljarða króna. Ég tel að þetta geti strítt gegn samþykktum sjóðsins. Í grein 8.1.7 segir að sjóðnum sé ekki heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem fjármagni sig með lántöku eða skortsölu.

Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar Gildis, segir þessa grein ekki eiga við um þá vogunarsjóði, sem Gildi hafi fjárfest í. „Við höfum fjárfest í þessum sjóðum um nokkurra ára skeið og hefur það alltaf legið fyrir um hvaða sjóði er að ræða. Fjármálaeftirlitinu hefur verið þetta ljóst í nokkur ár og hefur ekki gert athugasemdir. Við höfum fjárfest í þessum sjóðum í góðri trú og gert það til að dreifa áhættu sjóðsins og hámarka ávöxtun.“

Í framhaldi af þessu spyr ég:

Gerði Fjármálaeftirlitið almennt einhverjar athugasemdir á þessum tíma?

Dæmi um spurningu og svar við henni:

„Hefur sjóðurinn látið gera greiningu á lögmæti ákvæða laga um réttmæti neyðarlaga þ.e. að réttur kröfuhafa var skertur verulega á kostnað innistæðueigenda? Hyggst sjóðurinn hefja mál til að ná fram rétti sínum?“

Svar sjóðsins: „Nei, sjóðurinn hefur ekki látið gera greiningu á lögmæti ákvæða laganna um þetta atriði. Stjórn sjóðsins hefur ekki ákveðið að fara í mál vegna þessa.“

Spurt er um verðbréfaeign sjóðsins: Um hvaða sjóði og félög er að ræða og hver er innbyrðis skipting milli þeirra.?

d - liður svarsins fjallar um „Skuldabréf fyrirtækja 13,4 milljarðar eða 6,4%.

Svar sjóðsins: „Sjóðurinn átti skuldabréf á eftirtalin félög, samtals að fjárhæð 12,3 milljarðar, félögin talin upp í stærðarröð krafna: Bakkavör, Skipti, Landsvirkjun, Landic Propety, Exista, Eimskip, Smáralind, Spölur, N1, Atorka, Landsafl, Stoðir, Marell, Teymi, Egla og Borgarhöllin. Kröfur á önnur félög námu samtals kr. 1.080 milljónum. Unnið er að endurskipulagningu flestra þessara félaga, í sumum tilfellum hafa fyrirtæki orðið gjaldþrota og einnig er unnið að því að framlengja lán og/eða breyta í hlutafé.“

Útlitið er svart

Á ársfundinum voru lagabreytingar á dagskránni. Í framhaldi af því sem ég sagði hér fyrir ári gerði ég tillögu um að lögum yrði breytt og LS fengi einn mann í stjórn Gildis lífeyrissjóðs. Ákvörðun fundarstjóra kom í veg fyrir að hún næði fram að ganga, en ef marka má hljómgrunnin sem hún fékk hjá fundarmönnum hefði hún verið samþykkt. Þar sem svo ströng túlkun á fundarsköpum var viðhöfð lét ég það koma fram að ég teldi fundinn ólöglegan þar sem ekki hafði verið rétt til hans boðað. Við það fyrtust stjórnendur fundarins og fóru að draga í efa réttmæti LS að aðild að sjóðnum. Í lok fundar hafði ég það í raun í hendi mér að óska eftir öðrum aðalfundi, en ákvað eftir nokkra umhugsun að láta kyrrt liggja.

Fyrir aðalfundi okkar liggur tillaga um að atvinnurekendur víki úr stjórnnum lífeyrissjóða. Verði hún samþykkt fellur það um sjálft sig að LS þrýsti á að fá mann í stjórn sjóðsins. Falli hún hins vegar er þörf á að fundurinn samþykki að óska eftir að LS fái fulltrúa í stjórn Gildis lífeyrissjóðs.

Hér eftir sem hingað til mun LS reyna að gæta hagsmuna ykkar kærur félagsmenn hvað viðkemur lífeyrisréttindum.

Aflabrögð og aflaverðmæti

Aflabrögð voru mjög góð á sl. fiskveiðarári. Heildaraflí smábáta á fiskveiðarárinu endaði í 73.481 tonni sem er 8.429 tonna aukning frá árinu á undan. Eða 13%. Verðmæti þessa afla upp úr sjó sló öll fyrri met hvað krónutölu snertir 16,6 milljarðar sem skilar 33 milljörðum í útflutningsverðmæti.

Afli [tonn]	Aflamark	Krókaafllamark	Strandveiðar	Samtals
Afli alls	3.981	65.393	4.047	73.421
Þorskur	1.960	30.647	3.407	36.014
Ýsa	636	21.040	22	21.697
Ufsi	129	2.501	574	3.204
Steinbítur	145	6.349	1	6.495
Skötuselur	238	93	0	331
Fjöldi báta	117	614	548	932
Afli / bát	34 tonn	107 tonn	7,4 tonn	79 tonn

Það bar til tíðinda að smábátur frá Hornafirði varð aflahæstur á síðasta fiskveiðarári. Þolvískir smábátar hafa einokað þetta sæti frá upphafi og því spurning hvernig Ragnari SF líkar vistin á þessum stað. Arnar Ragnarsson og áhöfn til hamingju með ykkar 1.329 tonn - frábært. Ég vil biðja Arnar að koma hingað. Landsambandið hefur ákveðið að veita þér viðurkenningu fyrir þetta mikla afrek. „Þú ert kominn í flokk ofurfiskimanna innan Landssambands smábátaeigenda eftir gríðarlega harða keppni við Geira á Sírý, sem hampaði titlinum mesti fiskimaður smábátaflotans 2008. Það munaði aðeins 4 tonnum á ykkur.“



En það gerðu það fleiri gott á árinu því auk Ragnars SF og Sírýjar ÍS ruðu 4 aðrir bátar þúsund tonna múrinn:

Guðmundur Einarsson ÍS með 1.250 tonn, Auður Vésteins GK með 1.047 tonn, Dögg SF 1.015 tonn og Bíldsey SH 1.001 tonn. Útgerðum og áhöfnum óska ég til hamingju með frábæran árangur.

Umhverfi með leigukvóta gjörbreytt - erfitt ár framundan

Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi með viðskipti á aflaheimildum hvað viðvíkur að leigja sér kvóta. Segja má að leigumarkaðurinn hafi verið við frostmark frá því í vor. Aðilar sem hafa verið í föstum leiguvíðskiptum í mörg ár fá nú ekki kíló.

Eins og mörg undanfarin ár vakti ákvörðun um heildarafla fyrir þetta fiskveiðarár mikla undrun. Þorskurinn var færður niður um 10 þús. Tonn, í 150 þús. Ýsan skert um þriðjung, úr 93 þús. í 63 þús. Ufsann átti að keyra niður um tæpan helming, niður í 35 þús. tonn og steinbíturinn átti að fara niður um fjórðung, niðurstaðan varð 50 þús. tonn og 12 þús. tonn.

Jón Bjarnason sjávarútvegs- og lanbúnaðarráðherra bar gæfu til að fara ekki að ráðum Hafró í öllum tegundum. Þorskur, humar, úthafsækja og skötuselur voru undanskilin.

Stjórn LS var afar óhress með ákvörðun ráðherra. Landsambandið hafði lagt til við hann eftirfarandi:

Fisktegund	Tillaga LS	Úthlutun
þorskur	200.000 tonn	150.000 tonn
ýsa	80.000 tonn	63.000 tonn
ufsi	65.000 tonn	50.000 tonn
steinbítur	13.000 tonn	12.000 tonn
langa	7.000 tonn	7.000 tonn
keila	5.500 tonn	5.500 tonn

Miklir erfiðleikar eru framundan í útgerð krókaafllamarksbáta og fjölmargra annarra vegna þriðjungs niðurskurðar í ýsu. Undanfarin ár hafa eigendur krókaafllamaksbáta getað reitt sig á ýsu af stærri skipum en nú lítur út fyrir að það verði ekki. Á síðasta fiskveiðarári juku þeir veiðiheimildir sínar í ýsu um 4.200 tonn með þessari leið. Það blasir því við að skerðingin verður ekki þriðjungur, hún verður 50%, eða 10 þús. tonn og mun meiri í prósentum talið hjá

einstökum bátum. Hér blasir við neyðarástand sem kallar án tafar á viðbrögð.

LS hefur rætt þennan vanda við sjávarútvegsráðherra og lagt til að farin verði leið sem byggir á að ýsa veidd á línu teljist ekki til kvóta fram að áramótum, þó þannig að hámark á hvern bát verði 30% af heildarýsuafli hans á sl. ári. Eins og áður hefur framkomid er þetta stílbrot á öllu því sem viðgengist hefur innan stjórnkerfis fiskveiða, en ætlað til að leysa skjótt þann bráðavanda sem upp er kominn. Ég áætla að aflaukning í ýsuni með þessari leið gætu orðið 7.000 tonn.

Á undanförunum dögum hafa menn hringt og lýst áhyggjum sínum yfir ástandinu. Við blasir stöðvun fjölmargra báta og uppsagnir sjómanna og beitningafólks, sem á ekki síður við stærri báta. Síðast í gær heyrði ég í einum ykkar. Hans dæmi lítur þannig út að úthlutun síðasta árs gaf honum veiðiheimild upp á 49 tonn en heildarýsuafli varð þrisvar sinnum meiri 150 tonn. Nú fékk hann úthlutað 33 tonnum, búinn að veiða 20 tonn og við blasir stöðvun útgerðar sem hefur um 200 tonna veiðiheimild í þorski. Nú þegar bæði þorskverð og ýsuverð eru í hámarki, þarf hann að stöðva þar sem ekki er hægt að veiða þorsk öðru vísi en ýsa fylgi með. Honum er því vísað beint á að hefja ekki veiðar fyrr en í febrúar eða mars þegar blöndunin er hagstæðari upp á þorskinn. Tímabil sem er mjög óhagstætt hvað verðmæti snertir ef marka má sl. ár. Við blasa miklir erfiðleikar í útgerð hans sem hann líkir við þær hamfarir fyrir ári sem keyrðu skuldastöðu útgerðarinnar upp um 100%. Ýsuafli hans fer úr 150 tonnum í 33 tonn og mun lægra verð fæst fyrir þorskinn og óvíst að hann náist með svo litlum aflaheimildum í ýsu.

Væri sú leið farin sem hér hefur fjallað um gæti þessi aðili veitt 60 tonn af ýsu fram að áramótum án þess að hún teldist til kvóta og bjargað útgerðinni fyrir horn um leið og 7 mönnum og fjölskyldum þeirra væri tryggð atvinna og öruggt lífsviðurværi.



Það er gríðarlega mikilvægt að brugðist sé strax við þessum aðstæðum. Auk þess sem hér hefur komið fram mun aðgerðaleyfi hafa í för með sér lægra aflaverðmæti, þar sem bátunum er beint frá þeim tíma sem hæst verð er inni í tíma væntanlegs offramboðs úr Barentshafi og verðlækkunar.

Það hefur vart farið fram hjá þeim sem fylgjast með sjávarútvegsmálum að LS og svæðisfélög þess hafa verið afar gagnrýnin á þorskverndurnarstefnu Hafrannsóknastofnunar. Sífelld klifað á að það verði að stækka hrygningarstofninn og nú þegar fara þarf 30 ár til baka til að finna samjöfnuð við hann hvað stærð áhrærir, er slett í góm - jú hann hefur stækkað, en samsetningin er svo óhagstæð að við verðum að skera niður kvótann.

Mér líst vel á tillögu Guðmundar Halldórssonar og Eldingar sem hér liggur fyrir fundinum að hópur valinna sjómanna komi beint að aflaráðgjöf til ráðherra. Það verður að reyna með öllum leiðum að koma sjónarmiðum þeirra sem á hafinu starfa inn í ráðgjöf til ráðherra sem skylt verður að taka tillit til.

Góð tíðindi virðast engin áhrif hafa á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Hér skulu nokkur þeirra nefnd:

- Sjór hefur hlýnað á Norðurmiðum frá 1995 sem leiðir til aukinnar heildarframleiðni í sjónum.




- Frá 1998, í áratug, hefur hiti og selta verið yfir meðaltali að undanskildum 2003 og 2008 þegar hún var rétt undir.

- Dýrasvif - átumagn. Hafrannsóknastofnun hefur sýnt fram á að tengsl eru á milli átumagns og fjölda þorskseiða í ágúst og nýliðunar. Átumagn hefur verið í afar góðu lagi frá 1991. Met hafa verið slegin 1994, 2000 og 2005 en þau ár var átumagnið hærra en það hafði mælst í 47 ár eða frá 1962, aðeins 3 ár af þessum 10 árum var hún í slöku meðallagi.

- Afli á sóknareiningu á línu og í botnvörpu hefur verið stöðugur og hár síðustu 5 - 6 árin.

- Frá og með árinu 1994 hefur hrygningarstofn verið í stöðugum vexti. Í fyrra 2008 mældist hann 253 þús. tonn og hafði ekki verið hærri síðan 1981.



Það þarf ekki fleiri röksemdir til að gera ákvörðun um 200 þús. tonna heildarafla í þorski trúverðuga, ekki síst þegar allir sem eru á vettvangnum allt árið um kring mundu styðja ákvörðunina.

Línuívilnun

Eitt af því sem nú er orðið meitlað í stein í lögunum um stjórn fiskveiða er línuívilnun. Hún hefur reynst vel, veiðikerfi sem umbunar við veiðar og veitir fjölda manns í landi atvinnu. LS hefur frá því fyrir ári reynt að knýja fram breytingar á lagaákvæðinu, en engum þarf að koma á óvart að það hafi ekki tekist innan um þann óróa sem ríkir.

Krafa LS er að línuívilnun verði hækkuð í 20% og nái til allra dagróðrabáta. Vægi hennar taki mið af þeirri aðferð sem notuð er við beitningu. Við kynningu á kröfunni hefur hún mætt skilningi hjá Jóni Bjarnasyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Línuívilnun	Þorskur 3.375 tonn		Ýsa 1,722 tonn		Steinbítur 894 tonn	
Tímabil	Ívilnun	Nýting				
1. febr. 2004			482 tonn		417 tonn	
2004 / 2005	2.935 tonn	87%	1.487	101%	552	86%
2005 / 2006	3.037 tonn	90%	1.626	110%	680	106%
2006 / 2007	2.454 tonn	73%	1.753	119%	550	85%
2007 / 2008	1.705 tonn	51%	1.733	100%	440	49%
2008 / 2009	1.856 tonn	55%	1,572	91%	621	69%

Ónýttur þorskur tímabilið 2004/2005 til 2008/2009 er 4.888 tonn

Það er gríðarlega mikilvægt að fá línuívilnun á alla dagróðrabáta. Þannig að ívilnun fari ekki fram úr þeim heimildum sem til hennar eru ætlaðar er gert ráð fyrir að línuívilnun þar sem stokkað er upp í landi og trekt notuð verði 13,3% og þar sem beitt er úti á sjó - vélabátar - verði línuívilnun 6,7%. Til að gera sér í hugarlund hversu magnið er mikið er 10 tonna viðmið notað:

10 tonn	ívilnun	
beitt í landi	20%	1.667 kg
stokkað upp í landi	13,3%	1.111 kg
vélabátur	6,7%	556 kg

Á þessum tölum má glöggtsjá að verði þessi samsetning raunin þá mun það magn sem ætlað er til línuívilnunar nægja, 1.519 tonn voru skilin eftir á sl. fiskveiðiarí og uppsafnað er 4.888 tonn.

Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Ágætt mæting var víðast hvar og öll sendu félögin frá sér ályktanir. Litlar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Þó bar það til tíðinda að tveir nýir formenn voru kosnir. Hrollaugur kaus Arnar Þór Ragnarsson sem tekur við af Unnsteini Þrínssyni og við formennsku í Fonti tók Jón Tryggvi Árnason Kópaskeri við af Haraldi Sigurðssyni í Núpskötlum. Báðum þessum formönnum óska ég til hamingju með kjörið og velfarnaðar,

jafnframt því sem ég þakka Unnsteini og Haraldi fyrir mjög gott samstarf á liðnum árum og framlag þeirra í réttindabaráttu smábátaútgerðarinnar. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Við skiptingu aðalfundarfulltrúa er miðað við fjölda þeirra báta sem skráðir eru á hverju félagssvæði, nema eigandi ákveði sérstaklega að vera í öðru félagi. Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 100 báta skráða, næst í röðunni er Reykjanes með 79 báta og þriðja stærsta félagið er Elding með 75 báta.

Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

www.smabatar.is lifir góðu lífi, algengt að teljarinn breytist um 600-700 á sólarhring. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 182.443, það er 510 að meðaltali hvern dag ársins. Er það aukning frá síðasta tímabili, eða að meðaltali 82 fleiri á hvern dag. Á tímabilinu hafa verið birtar 236 fréttir á heimasíðunni, þannig að markmiðið með að hafa eina frétt á hverjum virkum degi náðist og 8 fréttum betur. Á sama tímabili í fyrra voru fréttirnar 202.

Brimfaxi

félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadaginn. Nýr ritstjóri hefur tekið við blaðinu Sigurjón M Egilsson og er hann hér með boðinn velkominn ásamt því að þakka honum fyrir síðasta blað sem var hressilegt og hið læsilegasta.

Stjórn LS

hélt 5 fundi á árinu. Fyrsta eftir síðasta aðalfund, næst var fundað 20. mars, þá 15. maí, sumarfundur stjórnar var í Grundarfirði 21. og 22. júlí og 5. fundurinn var í gær, 14. október. Fjöldi mála voru rædd og afgreidd á þessum fundum og kann ég stjórninni bestu þakkir fyrir gott samstarf og skilvirka ákvarðanatöku.

Einnig þakka ég grásleppunefnd fyrir góðan fund í byrjun febrúar.

Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Arthuri, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu.

Ágætu þingfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 160, en voru 122 í fyrra.

Auk þess sem ég hef hér tæpt á vil ég vísa til gagna í möppunum ykkar og svo að sjálfsögðu heimasíðu LS. Þá mun ég fylgjast með störfum nefnda hér á fundinum og svara fyrirspurnum og vera mönnum innanhandar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 25. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda.

Að þessu mæltu lýk ég máli mínu.

Takk fyrir.

Örn Pálsson



Arthur Bogason Ræða á 25. aðalfundi Landssambands smábátaeigenda

„Ágætu aðalfundarfulltrúar, hæstvirtur sjávarútvegsráðherra og aðrir góðir gestir!

Í setningarræðu minni fyrir ári, hér í þessu húsi, lét ég eftirfarandi orð falla:

„Uppi eru aðstæður á Íslandi sem engan óraði fyrir. Uppi eru aðstæður sem kollvarpa öllum áætlunum og áformum. Uppi eru aðstæður fáránleikans.

Á örskotsstund hefur tilvera okkar Íslendinga breyst. Á örskotsstund hefur íslenskt þjóðfélag hrunið í þeirri mynd sem við höfum þekkt“.

Tilvitnun lýkur.

Ef eitthvað er, á þessi lýsing betur við í dag en þá.

Eitt er þó ljóst sem margsinnis kom fram á síðasta aðalfundi. Mikilvægi sjávarútvegsins fyrir þjóðarbúið er nú ljósara en hugsanlega nokkru sinni.

Mér er minnisstætt samtal sem ég átti við háttsettan bankamann fyrir um þremur árum. Hann var ekkert að skafa af hlutunum: Þjóðarbúið gæti hæglega komist af án sjávarútvegsins. Fjármálaútgerðinni myndi lítið muna um að brúa bilið. Þar lægi framtíðin!

Þessi vitfirtra hugsun minnir óþægilega á þá framsetningu ættaðri ofan úr sjálfum Háskóla Íslands á því illræmda ári 2007, æðstu menntastofnun

Þjóðarinnar, að Íslendingar myndu hagnast mest á því að leggja af þorskveiðar til nokkurra ára.

Er nema von að þjóðin sé illa stödd.

Er nema von að maður spyrji hvort þeim skatttekjum landsmanna sem varið var til að mennta þessa aðila hafi verið skynsamlega ráðstafað. Hvað mig varðar, þá vil ég fá endurgreitt.

Í þessu samhengi hika ég ekkert við að setja fram eftirfarandi staðhæfingu:

Íslenska þjóðin geldur ekkert dýrara verði en stærðfræðikukl Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég segi og stend við orðið kukl, því skoðun á gögnum stofnunarinnar framkallar þá birtingarmynd:

Í júní sl var birt á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda úttekt á ráðgjöf stofnunarinnar og veiði fiskiskipaflotans varðandi skötuselsstofninn. Þessi framsetning vakti litla sem enga athygli fjölmiðla.

Stofnunin hóf að gefa ráðgjöf um skötusel fyrir fiskveiðiárið 2003/2004.

Til og með fiskveiðiárinu 2008/2009 lagði stofnunin til 12100 tonna veiði. Á sama árabili var veiðin hins vegar 15750 tonn, eða 30% „framúrkeysla“. Engu að síður leggur stofnunin til 2500 tonna afla fyrir nýbyrjað fiskveiðiár.

Sé gengið út frá því að tillagan fyrir árið 2003/2004 hafi verið rétt hefðu veiðimenn átt að tína til þúsundir tonna af veiddum skötusel, blása í hann lífi og skila í hafið.

Við skulum skoða þetta frá fiskveiðiárinu 2007/2008. Fyrir það ár lagði stofnunin til 2200 tonna heildarafla í skötusel. Þrátt fyrir að aflinn sama fiskveiðiár væri 2926 tonn, eða 33% umfram ráðgjöf, lagði Hafrannsóknastofnunin til 2500 tonna veiði fyrir fiskveiðiárið 2008/2009, 12% hærrí en árið áður.

Ef eitthvað hefði verið að marka ráðgjöfina 2007/2008 hefði stofnunin átt að leggja til 1473 tonn á fiskveiðiárinu 2008/2009, en ekki 2500 tonn. Veiðin varð hins vegar 3444 tonn. Í raun hefði stofnunin því átt að leggja það til að veiðar á skötusel á fiskveiðiárinu 2009/2010 yrðu með öllu bannaðar. Stofninn væri uppurinn. En það

gerði hún ekki. Stofnunin lagði aftur til 2500 tonn og kvittaði í síðustu skýrslunni sinni fyrir ofveiðina allar götur frá árinu 2003 með því að skötuselsstofninn sé í „góðu ástandi“.

Nú kann einhver að halda að mér hafi tekist að finna sjaldgæfan fingurbrjót í skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar. Því fer fjarri. Ég skora á fjölmiðla og alla þá er láta sig þessi mál varða að lesa þær skýrslur sem stofnunin sendir frá sér. Ekki bara fyrir skötusel. Ekki bara fyrir steinbít. Heldur allar tegundir sem stofnunin fjallar um í skýrslu sinni.

En hvernig má þetta vera? Ég hef til fjölda ára haft á þessu einfalda skýringu og ekkert legið á henni: Dýrkun stjórnvalda og fjölmiðla á fræðimönnum og „vísindalegri nálgun“.

Þessi fræðimanna- og vísindadýrkun nær ekki bara til valdhafa, sem framselja völd sín í hendur viðkomandi stofnana. Fjölmiðlar virðast losti slegnir. Raunveruleg gagnrýnin umfjöllun er úr sögunni.

Þetta er svo þægilegt: Mennirnir með skammstafanirnar fyrir aftan nöfnin sín hljóta að vita best. Þið, ágætu aðalfundarfulltrúar eruð ómarktækir. Þrátt fyrir að það séu þið sem yrkið miðin daglega og hafið best alla innsýn í ástand þeirra og breytingar sem stöðugt eiga sér stað í umhverfi hafsins eruð þið ekki marktækir.

Ég spyr: Hversu lengi ætlið þið að láta þjóða ykkur þetta? Finnst ykkur ásættanlegt að öll ykkar reynsla og þekking sé lítilsvirt og smáð? Það var dýrkun á svokölluðum fræðimönnum sem kom þjóðinni í þá ferlegu stöðu sem hún er í. Þar lék hundslegur undirlægjuháttur fjölmiðla sitt hlutverk og hafi þeir mátulegar þakkir fyrir.

Það er löngu ljóst að stór hluti íslensku þjóðarinnar er ósátt við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Hvernig sem á því stendur hefur þetta ósætti ekki skilað sér í kosningum til Alþingis. Engu að síður hafa núverandi stjórnarflokkar á stefnuskrá sinni að bæta úr þessu. Hugmyndin er sú að innkalla veiðiheimildir, 5% á ári og að innköllunin hefjist 1. september 2010. Þessi aðferð á að fullnægja réttlætinu. Réttlæti hverra hefur hins vegar ekki verið tíundað.

Ég ætla ekki að gera lítið úr gremju þeirra sem hafa

fylgst með oflátungshætti þeirra sem hafa farið langt fram úr sjálfum sér innan sjávarútvegsins og hroka þeirra sem tala fyrir þeirra hönd.

En gera þeir sem eru fullir þessarar gremju sér grein fyrir því að innan sjávarútvegsins eru fjölmörg lítil sjávarútvegsfyrirtæki, fjölskyldufyrirtæki, sem hafa aldrei gert annað en að nýta þær aflaheimildir sem þeim hefur verið úthlutað samkvæmt lögum og sum hver þeirra lagt allt að veði til að auka við sig á því sviði?

Ég tek dæmi: Fyrirtæki í smábátaútgerð er með 100 tonna kvóta og skuldar 100 milljónir, eftir gengishrun krónunnar. Hinn 1. september 2010, að óbreyttum aflaheimildum, mun fyrirtækið hafa 95 tonna kvóta en skulda um 105-110 milljónir.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er augljóslega vilji til að styrkja smábáta- og strandveiðar. Ekki hvaflar að mér að gera þar lítið úr og handviss um að málinu fylgir góður hugur. En ég spyr: Hvernig mun framangreint smábátafyrirtæki eflast við það sem að framan er talið?

Er líklegt að viðkomandi fyrirtæki hafi færst upp á „styrkleikalista“ viðskiptabankans?

Og hitt, sem er ekki síður mikilvægt: er líklegt að viðkomandi einstaklingi eða fjölskyldu hafi aukist þróttur og þol í útgerðinni eftir að hafa verið tilkynnt um 5 tonna fyrninguna? Spyr sá sem vill fá svör og það skjótt og vel. Jafnframt er rétt að benda á að hugsanlega keypti hann dýrum dómum veiðiheimildir fyrir tveimur árum sem nú hafa með öllu gufað upp eftir niðurskurð þorskveiðiheimilda vegna veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar.

Með þessari lýsingu er ég ekki að lýsa stuðningi við núverandi fiskveiðikerfi eins og svo margir virðast halda. Ég er einfaldlega að benda á þá stöðu sem fjölmörg smábátafyrirtæki, lítil fjölskyldufyrirtæki, hringinn í kring um landið, eru í. Þessi fyrirtæki hljóta að eiga það skilið að fyrir þeim sé skýrt í hverju þetta réttlæti sé fólgið.

Það er fullkominn ruddaskapur að tala um innköllun veiðiheimilda/atvinnuréttar eins og ég hef ætíð litið á kvótann, án þess að taka skuldir fyrirtækjanna og einstaklinganna þar inn í. Finnst talsmönnum fyrningarleiðarinnar það sjálfsagt að

sjávarútvegsfyrirtækin, stór sem smá, séu skilin eftir með skuldirnar, skuldir sem breyttust í hrein og klár skrímsli við gengishrun krónunnar?

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka stendur orðrétt: „Markmið ríkisstjórnarinnar er að aðgerðir gagnvart öllum smærri og meðalstórum fyrirtækjum liggi fyrir í síðasta lagi í septemberlok“. Ekki bólar á þessum aðgerðum enn.

Ég skora hér með á stjórnvöld að gera heildstæða grein fyrir því hvernig þau hyggjast útfæra svokallaða fyrningaleið þannig að smábátaútgerðin og strandveiðarnar standi eftir á styrkari fótum en áður. Eða er það kannsi ætlunin að halda smábátaflotanum utan við fyrningaleiðina?

Í þessu sambandi hlýt ég að víkja að þeirri grafalvarlegu stöðu sem fjölmargar smábátaútgerðir eru að komast í eftir hinn hrikalega niðurskurð á veiðiheimildum í ýsu. Margar þessara útgerða eru um það bil að binda báta sína og segja upp fjölda fólks. Niðurskurðurinn í ýsuni er enn eitt dæmið um hina gríðarlegu gjá sem er á milli veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og því sem þið upplifið á miðunum.

Hér þarf sjávarútvegsráðherra að hafa skjótar hendur og ég brýni hann til dáða. Ég minni á að samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnun á hún að vera ráðgefandi en ekki ráðandi.

Landssamband smábátæigenda hefur frá stofnun samþykkt ályktanir um frjálrsæði til handfæraveiða. Eftir 24 ára slag samþykkti aðalfundur LS 2008 eftirfarandi, orðrétt: „Að gefa handfæraveiðar frjálrsar“.

Þetta kalla ég að standa í lappirnar. Eftir fjórðungsaldar slag um tilveru sína samþykktu smábátæigendur tillögu sem er í fullu samræmi við það sem lagt var upp með á stofnfundi félagsins, sem krafðist “frjálrsra veiða” fyrir smábáta.

Þar sem ég og sjálfsagt flestir hér inni eru löngu fullsaddir af vondum og verri fréttum undanfarinna missera ætla ég að enda mál mitt með nokkrum orðum um hið nýja veiðikerfi, strandveiðikerfið.

Þegar við gengum af síðasta aðalfundi LS, hafandi meðal annars samþykkt frjálrsar handfæraveiðar



óraði engan fyrir því hver framvinda málsins yrði. Ég fullyrði að samþykktin var gerð af óskhyggju frekar en raunsæi.

Hvað sem því líður gerðist það rúmu hálfu ári síðar að stjórnvöld ákváðu að rífa glugga á kvótakerfinu og gera mönnum kleift að róa án þess að hafa keypt eða leigt aflaheimildir. Þessi gluggi var öllum opin. Mikill meirihluti þeirra sem nýttu sér möguleikann voru trillukarlar með stórskertar aflaheimildir. Lá þeim hver sem vill. Frá því skerðingar á þorskveiðiheimildum hófust eru það smábátæigendur sem hafa orðið fyrir mestum búsifjum.

Einhver sagði að réttarkerfi vesturlanda væri sérstaklega hannað til að refsa þeim sem hnuplar brauðhleif í búð, en léti þann sem rændi heilum banka það eftir.

Strandveiðikerfið, eða handfærakerfið eins og ég tel réttnefni, er fagnaðarefni. Ég skil fullkomlega gremju þeirra sem hafa nýverið keypt dýrum dómum veiðiheimildir aðila sem héldu bátunum og fóru á skak í sumar sem ekkert væri.

Það samrýmist hins vegar illa okkar eigin málflytningi að tala um deyjandi sjávarbyggðir annars vegar og kvarta yfir löndunarbið hins vegar.

Landssamband smábátæigenda fagnar að sjálfsögðu hinu nýja veiðikerfi þó svo ýmislegt megi betur fara í

útfærslu þess. Ég hvet sjávarútvegsráðherra til að festa þetta kerfi í lögum hið allra fyrsta.

Það var táknrænt stórviðrið sem gekk yfir landið um síðustu helgi, réttu ári eftir fárviðrið sem feykta íslensku efnahagslífi á hliðina. Hið fyrrnefnda er horfið út í buskann, en hið síðarnefnda er síður en svo gengið niður. Enn ríkir mikil óvissa um framvindu mála.

En það dugar ekki að leggja árar í bát. Við eigum engan annan kost en að halda ótrauð áfram og verum óþreytandi við að minna ráðamenn þjóðarinnar á gildi smábátaútgerðarinnar og hvernig hún getur lagt af mörkunum í þeim aðstæðum sem uppi eru.

Nú þarf að skapa störf; smábátaútgerðin er mannaflsfrek.

Nú þarf að spara gjaldeyri og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda orkunotkun smábátaútgerðarinnar er brot af því sem gerist hjá stóru skipunum.

Og nú þarf að auka virði sjávaraflans - það er best gert með eflingu smábátaútgerðarinnar.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda er ykkar sameiginlegi vettvangur og ég brýni ykkur til láta hvergi deigan síga. Því segi ég við ykkur: Róið!"

Arthur Bogason



Fjöldmenni sótti 25. aðalfund LS sem haldinn var í Turninum í Kópavogi

Samþykktir 25. aðalfundar Landssambands smábátæigenda 2009

Frá sjávarútvegsnefnd

➤ Strandveiðar - handfæraveiðar

Aðalfundur LS lýsir yfir ánægju með strandveiðar sem heimilaðar voru fyrr á þessu ári. Fundurinn vill að strandveiðar verði festar í sessi, bundnar í lög og að aflamagn verði ákvarðað 800 þorskígildi í stað kílóa.

➤ Slægingarstuðull

Aðalfundur LS vill að slægingarstuðull verði óbreyttur.

➤ Geymsluréttur

Aðalfundur LS ályktar að geymsluréttur á afla- og krókaflamarki á milli ára verði 20 % í stað 33 % .

➤ Geymsluréttur fylgi aflamarki

Aðalfundur LS ályktar að geymsluréttur fylgi afla- og krókaflamarki í stað aflahlutdeildar.

➤ Afladagbækur

Aðalfundur LS skorar á Fiskistofu að fara fram með hóflegum hætti við innleiðingu rafrænna afladagbóka og bátar innan við 15 brúttótonn verði undanþegnir skyldu á rafrænni afladagbók.

➤ Hvalveiðar

Aðalfundur LS lýsir yfir stuðningi við sjálfbærar hvalveiðar.

➤ Ýsa - 30% utan kvóta

Aðalfundur LS hvetur Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að bregðast strax við því ófremdarástandi sem upp er komið í ýsuveiðum.

Í nokkra mánuði hefur ekki verið hægt að fá leigðar veiðiheimildir í ýsu. Afleiðingar þess eru að fjöldi báta verður að stöðva veiðar á næstu dögum án þess

að vera komnir í kvótaþurrð í öðrum tegundum. Við það minnkar framboð á línuveiddri ýsu, verðmæti lækkar, auk þess sem sjómenn og beitningafólk missir atvinnuna.

Aðalfundur LS skorar á ráðherra að koma í veg fyrir þessi vandamál með því að setja í reglugerð að ýsa veidd á línu fram til næstu áramóta reiknist ekki til aflaða krókaflamarks hvers báts þar sem viðmiðunin verði 30% af ýsuafla viðkomandi á sl. fiskveiðiári.

➤ Byggðakvóti

Aðalfundur LS vill að staðið sé vörð um byggðakvótann.

➤ Þorskvóti

Aðalfundur LS skorar á háttvirtan sjávarútvegsráðherra að auka strax veiðiheimildir á þorski og ýsu. Fundurinn mótmælir harðlega stórfelldum niðurskurði á kvóta í ýsu og þorski á sama tíma og veiðar ganga vel og allt bendi til að þessir stofnar séu vel á sig komnir. Sama á við um aðrar tegundir svo sem ufsa, löngu, keilu og skötusel.

➤ Línuviltun

Aðalfundur LS ályktar um að línuviltunarprósentan verði nú þegar hækkuð og nái til allra dagróðrabáta.

➤ Dragnót í Faxaflóa

Aðalfundur LS vill að Faxaflóinn verði friðaður fyrir snurvoð.

Snurvoð hefur lengi verið Akurnesingum þyrnir í augum. Þeir hafa áratugareynslu fyrir neikvæðum áhrifum snurvoðar á svæðið. Bátar og allur búnaður hafa gjörbreyst frá því sem var þegar leyfi voru veitt forðum daga.

➤ Dragnót fyrir Norðurlandi

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að banna dragnótaveiðar innan línu vestur og austur af Hrólfskersvita á Eyjafirði og lengja veiðibann á dragnót á Skjálfanda um einn mánuð, fram til 1. október.

➤ Dragnót við suðurströndina

Aðalfundur LS mótmælir harðlega þeirri aðgerð að opna fyrir snurvoð upp í fjöruborð við suðurströndina með skelfilegum afleiðingum fyrir ýsustofninn. Sérstaklega er þetta afar slæmt fyrir sandsílið sem á í vök að verjast. Trillukarlar í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn

hafa miklar áhyggjur af snurvoðaveiðum í fjörunni við suðurströndina og skilja ekki hvaða fiskifræðilegu rök liggja að baki því að opna fyrir snurvoð, sérstaklega þar sem sandsílisstofninn er að hverfa á þessu svæði. Þar af leiðandi hafa fiska- og fuglategundir svo sem lundi ekki nóg æti. Aðalfundurinn tekur undir skoðun trillukarla í Vestmannaeyjum að snurvoðin sé miklu skaðlegri veiðarfæri fyrir lífríkið en önnur veiðarfæri og að náttúran eigi að njóta vafans. Fundurinn krefst þess að snurvoðaveiðar verði tafarlaust bannaðar á þessu svæði.



Fundarstjórar: Gunnlaugur Árnason Stykkishólmi og Sverrir Sveinsson Siglufirði

➤ Togveiðar

Aðalfundur LS vill að botnvörpuveiðar bannaðar innan 12 sjómílna frá landi. Það er óskiljanlegt að árið 2009 skuli vera leyfðar slíkar veiðar upp að 3 mílum með öflugum togurum með tilheyrandi skaða fyrir lífríkið

➤ Togveiðar við Reykjanes

Aðalfundur LS fer fram á lokun svæðis fyrir botntrolli vestur úr Sandgerði og suður af Grindavík.

➤ Flottroll

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að banna flottroll við veiðar á loðnu og síld þar til að Hafrannsóknastofnunin setur fram sannanir um að þær séu ekki skaðlegar vistkerfinu.

➤ Opnun svæða

Aðalfundur LS leggur til að reglugerð sem bannar veiðar með línu og handfærum sunnan við Bjargtanga verði numin úr gildi.

➤ **Gildruveiðar**

Aðalfundur LS samþykkir að krókaafلامarksbátar fái leyfi til að stunda gildruveiðar

➤ **Ónýttar tegundir**

Aðalfundur LS samþykkir að krókaafلامarksbátum verði leyft að fara á sæbjúguveiðar eða aðrar ónýttar tegundir veiddar í gildrum eða önnur veiðarfæri

➤ **Aflaráðgjafanefnd**

Aðalfundur LS leggur til að kosin verði nefnd á aðalfundi Landssambands smábátæigenda, sem hafi það hlutverk að ræða við aðila í sjávarútvegi um stofnun ráðgefandi nefndar sjómanna. Hlutver nefndarinnar er að gefa árlega rökstudda ráðgjöf um heildarafla samhliða Hafrannsóknastofnuninni. Með þessu fyrirkomulagi hefur ráðherra tvö ráðgefandi álit við ákvörðun heildarafla. Annars vegar frá vísindamönnum Hafrannsóknastofnunarinnar og hins vegar frá reynsluheimi sjómanna.

Greinargerð með tillögunni

Reynsluheimursjómannar Íslendingumómetanlegur. Nauðsynlegt er að halda utan um þekkingu sjómanna og nýta þá reynslu sem þeir hafa aflað sér í umgengni við lífríkið í hafinu. Þetta verður best gert með því að byggja upp gagnagrunn í samvinnu við háskólasamfélagið um þá þekkingu og reynslu sem sjómenn afla sér í daglegri umgengni við fiskistofnana umhverfis landið. Gagnagrunnurinn mun eflast með árunum og gera okkur færari um að meta burðarþol fiskistofnanna. Eins mun hann hjálpa okkur að þróa þau veiðarfæri sem falla best að lífríkinu og vinna með náttúrunni. Nauðsynlegt er að nýta fiskistofnana með



Sigurgeir Jónsson Sandgerði

eins mikilli skynsemi og mögulegt er. Að hvorki sé um vannýtingu eða ofnýtingu að ræða. Nauðsynlegt er að samræmi sé í ráðgjöfinni milli tegunda þannig að ráðgjöfin kalli ekki á brottkast. Aðkoma sjómanna mun bæta þá ráðgjöf sem gefin er og auka traust þjóðarinnar á að auðlindin sé nýtt með eins mikilli arðsemi og mögulegt er og hámarksnýtingu fiskistofnanna.

➤ **Sjóstangaveiði**

Aðalfundur LS ályktar um að bátur sem stundar sjóstangaveiði fyrir ferðapjónustu megi stunda línu og handfæraveiðar á sama tíma, hvort sem hann er á aflamarki, krókaafلامarki eða strandveiðum og er með öll tilskilin leyfi.

➤ **Netaveiðar krókabáta**

Aðalfundur LS lýsir fullkominni andstöðu við framkomnar tillögur um þorskanetaveiðar krókaafلامarksbáta og ítrekar þá skoðun sína að sú veiðireynsla sem metin var til úthlutunar í krókaafلامarkskerfinu og veidd var á króka, skuli veidd þannig áfram.

➤ **Loðnuveiðar**

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að stíga mjög varlega til jarðar þegar kemur að því að ákvarða loðnukvóta, og heimila einungis loðnuveiðar til manneldis fiskeldis og beitu.

➤ **Makrill - rannsóknir**

Aðalfundur LS vill að LS beiti sér fyrir stórauðnum rannsóknum á makrill við strendur landsins. Þar með talið hvað hann étur hér og hversu mikið magn.



Guðmundur Jónsson og Garðar Berg Guðjónsson frá Smábátafélagi Reykjavíkur

Greinargerð

Þó vissulega sé spennandi að fá nýjar tegundir til að veiða höfum við áhyggjur af veru makrílsins hér við land þar sem hann virðist vera í beinni samkeppni um fæðu við þær tegundir sem fyrir eru.

> Kvótamiðlun

Aðalfundur LS skorar á Fiskmarkað Íslands að endurvekja rekstur kvótamiðlunar sem rekin var til skamms tíma.

> Verndun Selvogsbankahrauns

Aðalfundur LS leggur til að togveiðar á svonefndu Selvogsbankahrauni verði bannaðar enda hafa aldrei verið stundaðar togveiðar á þessu svæði. Öflugir togarar eru farnir að toga á lonum blettum inni á hrauninu og síðar stækka svæðin sem togað er á ár frá ári. Nauðsynlegt er að friða ósnortin svæði sem eftir eru.

> Frjálsar handfæraveiðar

Aðalfundur LS samþykkir frjálsar handfæraveiðar.

Frá allsherjarnefnd

> Aðalfundur LS mótmælir harðlega framkomnum tillögum um afnám sjómannaafsláttar.

Í málflutningi stuðningsmanna afnáms sjómannaafsláttar kemur fram að útgerðarmenn skulu bæta sjómönnum það tekjutap sem þeir verða fyrir. Í tilviki smábátasjómanna eru útgerðarmennirnir í flestum tilvikum jafnframt sjómenn, þannig að afnám sjómannaafsláttar myndi lenda á þeim bótafast.

> Aðalfundur LS hafnar alfarið aðild að Evrópu-sambandinu.

> Aðalfundur LS lýsir sig alfarið mótfallinn fyrningu veiðiheimilda.

Sjávarútvegurinn einn atvinnugreina býr við sérstakt auðlindagjald, einnig hefur sjávarútvegurinn lagt í mikinn kostnað við hagræðingu innan greinarinnar og vandséð hvernig fyrning gæfi þjóðarþúinu aukinn arð af auðlindinni.

> Aðalfundur LS leggur til að Landssamband smábátæigenda geri



Halldór Ármannsson formaður Reykjaness og stjórnarmaður í LS



Gunnlaugur Finnbogason Ísafirði fv. formaður Eldingar



Hörður Ingólfsson Ísafirði

það að forgangsmáli að vinna að því í samstarfi við lánastofnanir og stjórnvöld að veita félagsmönnum viðunandi samræmdar úrlausnir vegna skuldbindinga sinna við lánastofnanir í kjölfar bankahrunsins.



Örn Pálsson framkvæmdastjóri afhendir aflakónginum Arnari Þór Ragnarssyni viðurkenningu frá LS

- Aðalfundur LS varar sterklega við öllum áformum um niðurskurð á fjárveitingum til Landhelgisgæslunnar. Gangi hann eftir verða þylusveit og skipakostur hennar óhæf um að sinna lögboðinni skyldu sinni.
- Aðalfundur LS ítrekar fyrri ályktanir sínar um breytingar á lögum um greiðslumiðlun á þann veg að trygginga- og lífeyrishlutinn falli út og eftir standi félagshlutinn. Jafnframt verði heimildir félagsins til innheimtu félagsgjalda skýrðar og treystar í sessi með lagabreytingum.
- Aðalfundur LS ályktar um að ekki verði slökkt á NMT kerfinu fyrir en gott GSM samband verði á hafi úti, jafnframt ályktar fundurinn að STK kerfið verði ekki lagt niður, heldur rekið samhliða AIS og DCS - VHF neiðarhnapp.
- Aðalfundur LS beinir því til LS að beita sér fyrir útboði á AIS-tækjum.
- Aðalfundur LS mótmælir auknum álögum á útgerðir smábáta.
- Aðalfundur LS skorar á félagsmenn sína að efla samstarf við svæðisbundar rannsóknarstofnarnir í rannsóknum á lífríki sjávar, ásamt samstarfi í veiðarfærarannsóknum. Einnig eru þeir hvattir til að nýta sér þá þekkingu sem þær búa yfir.
- Aðalfundur LS skorar á samgönguráðherra að breyta reglugerð um útivistartíma báta þar sem einn maður er um borð.

Greinargerð

Með þessari samþykkt er LS ekki að viðurkenna túlkun Siglingastofnunar og Landhelgisgæslu um að að bátar þar sem einn maður er um borð megi ekki vera lengur en 14 tíma á sjó. Tillagan gengur út á að fá þessi mál á hreint.



Heiðursfélagi LS eldhuginn Guðmundur Halldórsson Bolungarvík lét sig ekki vanta á aðalfund LS



Heimir Kristinsson Stykkishólmi og Jóhann Rúnar Kristinsson Rifi

➤ Aðalfundur LS hvetur Siglingastofnun að beita sér fyrir stöðlun milli allra hafna landsins hvað varðar fasaröð og tengla. Fundurinn tekur undir óskir Rannsóknarnefndar sjóslysa frá árinu 2006 í þessu efni.

Innan sömu hafnar eru mörg dæmi þess að fasaröðin sé ekki eins. Það hefur valdið tjóni og mun sú hættu vera fyrir hendi að óbreyttu.

Greinargerð

Á tjaldsvæðum landsins er um samræmingu að ræða. Því þurfa húsbíláeigendur ekki í hvert skipti er þeir koma á tjaldsvæði að byrja á því að opna rafmagnstengla og kanna tengingu áður en sett er í samband. Sama á við í höfnum landsins.

➤ Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra og Siglingastofnun að beita sér strax fyrir því að allir bátar sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni séu ábyrgðartryggðir.

Greinargerð

Með tilkomu strandveiða á sl. sumri kom í ljós að margir bátar sem stunduðu veiðar voru ekki með ábyrgðartryggingu. Það getur verið erfitt fyrir þann sem verður fyrir tjóni af völdum ótryggðra báta að fá tjón sitt bætt því þar getur verið um háar bætur að ræða. Því eiga allir bátar og skip sem notaðir eru til fiskveiða að hafa ábyrgðartryggingu.

➤ Aðalfundur LS krefst þess að landssambandið og aðildarfélag þess fái fulltrúa í stjórnnum þeirra lífeyrissjóða sem félagsmenn þeirra greiða í.

Frá grásleppunefnd

- Veiðidagar á grásleppu verði 60 á vertíðinni 2010.
- Veiðitímabil á grásleppuvertíðinni 2010 verði óbreytt.
- Skötuselur sem meðafli við grásleppuveiðar teljist ekki til króka- eða aflamarks.
- Samþykkt að grásleppunefnd LS verði skipuð 7 fulltrúum, einn frá hverju veiðisvæði.

Grásleppunefnd LS

Guðmundur Jónsson	Reykjavík
Guðmundur R. Guðmundsson	Drangnesi
Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfirði
Páll Aðalsteinsson	Stykkishólmi
Reimar Vilmundarson	Bolungarvík
Ragnar Sighvatsson	Sauðárkróki
Sigurður Kristjánsson	Húsavík

Sérstaklega bókað að þar sem enginn nefndarmanna væri tilnefndur sem formaður nefndarinnar mundi framkvæmdastjóri LS boða nefndina til fundar.

Stjórn Landssambands smábátaeigenda 2009 – 2010

Stjórn

Arthur Bogason formaður	Reykjavík
Pétur Sigurðsson varaformaður	Árskógssandi
Alexander F. Kristinsson	Rifi
Arnar Þór Ragnarsson	Höfn
Einar Sigurðsson	Raufarhöfn
Garðar Berg Guðjónsson	Reykjavík
Guðmundur Elíasson	Akranesi
Halldór Ármannsson	Keflavík
Jóel Andersen	Vestmannaeyjum
Jón Breiðfjörð Höskuldsson	Álftanesi
Kristján Andri Guðjónsson	Ísafirði
Már Ólafsson	Hólmavík
Ólafur Hallgrímsson	Borgarfirði
Sverrir Sveinsson	Siglufirði
Tryggvi Ársælsson	Tálknafirði
Þorvaldur Garðarsson	Þorlákshöfn

Áheyrnarfulltrúi

Rögnvaldur Einarsson	Akranesi
----------------------	----------

Félagslegir endurskoðendur

Gísli Ólafsson	Grundarfirði
Sigfús Jóhannesson	Grimsey

LANDSSAMBAND
smábátæigenda

